

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki, VII. viðauki, sem birtur er í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki, VIII. viðauki, sem birtur er í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er höfð hliðsjón af tölul. 32a, XX. viðauka EES-samningsins tilskipun 91/689/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. maí 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

### **Fylgiskjal 1.**

#### VII. VIÐAUKI

Flokkar eða helstu gerðir af spilliefnum flokkað eftir því hvers eðlis úrgangurinn er eða frá hvaða starfsemi hann kemur<sup>(\*)</sup> (úrgangurinn getur verið fljótandi, eðja eða í föstu formi).

#### **Listi I.A:**

#### **Úrgangur sem hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka og er:**

1. anatómísk efni; úrgangur frá sjúkrahúsum;
2. lækningavörur, lyf og dýralækningaefni;
3. viðarvarnarefni;
4. sæfiefni og varnarefni,
5. leifar efna sem eru notuð sem leysar;
6. halógeneruð lífræn efni sem eru ekki notuð sem leysar, að undanskildum hvarfgjörnum fjölliðuefnum;
7. vökvar til yfirborðsmeðferðar sem innihalda sýaníð;
8. jarðolíur og efni sem innihalda olíu (t.d. sögunarolía);
9. olíu/vatns- eða kolvatnsfna/vatnsblöndur, fleyti;
10. efni sem innihalda PCB og/eða PCT (t.d. rafeinangrandi efni);
11. tjöruborin efni úr hreinsun, eimingu eða hitasundrun (t.d. botnfall úr eimingu);
12. blek, litarefni, dreifulitir, málning, lökk, fernis;
13. trjákvöða, latex, plastmýkingarefni, lím;

<sup>(\*)</sup> Vissar hliðstæður við færslur í VIII. viðauka eru af ásettu ráði.

14. óþekkt og/eða ný efni úr rannsóknum, þróun eða kennslustarfi og sem ekki er vitað hvaða áhrif hafa á menn og/eða umhverfi (t.d. rannsóknarstofuúrgangur);
15. flugeldar og annað sprengiefni;
16. ljósmyndunar- og framköllunarefni;
17. efni sem er mengað með einhvers konar fjöklóruðu díbensófúrani;
18. efni sem er mengað með einhvers konar fjöklóruðu díbensó-p-díoxíni.

**Listi I.B:****Úrgangur sem inniheldur eitthvert efnanna í VIII. viðauka og hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka og er:**

19. dýra- eða jurtasápur, -feiti, -vax;
20. óhalógeneruð lífræn efni sem eru ekki notuð sem leysar;
21. ólífræn efni, án málma eða málmambanda;
22. aska og/eða gjall;
23. mold, sandur, leir, þar á meðal dýpkunargróftur;
24. vökvar til yfirborðsmeðferðar sem innihalda ekki sýaníð;
25. málmryk, duft;
26. notaðir hvatar;
27. vökvar eða eðja sem inniheldur málma eða málmambönd;
28. úrgangur úr mengunarvarnarmeðferð (t.d. ryk frá loftsíum), að undanskildum 29., 30. og 33. lið;
29. þvottaskólp;
30. eðja frá vatnshreinsistöðvum;
31. leifar úr afkolsýringu;
32. leifar frá jónaskiptisúlu;
33. seyra, ómeðhöndluð og óhæf til notkunar í landbúnaði;
34. leifar frá hreinsun geyma og/eða búnaðar;
35. óhreinn búnaður;
36. óhreinn ílát (t.d. pakkningar, gaskútar o.s.frv.) sem í hefur verið eitt eða fleiri af efnunum í VIII. viðauka;
37. rafgeymar og rafhlöður;
38. jurtaolúr;
39. efni sem er ættað úr flokkuðu heimilissorpi og hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka;
40. annar úrgangur sem í eru efni tilgreind í VIII. viðauka og sem hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka.

**Fylgiskjal 2.****VIII. VIÐAUKI**

Efni sem gera úrgang tilgreindan í lista I.B í VII. viðauka hættulegan þegar hann hefur eiginleikana sem lýst er í III. viðauka:

Úrgangur sem inniheldur:

- C1 beryllíum, beryllíumsambönd;
- C2 vanadíumsambönd;
- C3 króm-6-sambönd;

- C4 kóbolt-sambönd;
- C5 nikkelsambönd;
- C6 koparsambönd;
- C7 sinksambönd;
- C8 arsen, arsensambönd;
- C9 selen, selensambönd;
- C10 silfursambönd;
- C11 kadmíum, kadmíumsambönd;
- C12 tin-sambönd;
- C13 antímon, antímionsambönd;
- C14 tellúr, tellúrsambönd;
- C15 baríumsambönd; nema baríumsúlfat;
- C16 kvikasilfur, kvikasilfurssambönd;
- C17 þallíum, þallíumsambönd;
- C18 blý, blýsambönd;
- C19 ólífræn súlfíð;
- C20 ólífræn flúorsambönd, nema kalsíumflúoríð;
- C21 ólífræn sýaníð;
- C22 eftirfarandi alkálí- eða jarðalkalímálmur: litíum, natríum, kalíum, kalsíum, magníum í ósamsettu formi;
- C23 súrar lausnir eða sýrur í föstu formi;
- C24 basískar lausnir eða basar í föstu formi;
- C25 asbest (ryk og trefjar);
- C26 fosfór: fosfór-sambönd, nema málmfosföt;
- C27 málmkarbónýl;
- C28 peroxíð;
- C29 klóröt;
- C30 perklóröt;
- C31 asíð;
- C32 PCB og/eða PCT;
- C33 efnasambönd til lækninga- eða dýralækninga;
- C34 sæfiefni og varnarefni;
- C35 smitandi efni;
- C36 kreósót;
- C37 ísósýanöt, þíósýanöt;
- C38 lífræn sýaníð (t.d. nítríl) o.s.frv.;
- C39 fenól, fenólsambönd;
- C40 halógeneraðir leysar;
- C41 lífrænir óhalógeneraðir leysar;
- C42 lífræn halógensambönd, nema óhvarfgjörn fjölíðuefni og önnur efni sem eru nefnd í þessum viðauka;
- C43 arómatísk sambönd; fjölhringa og heteróhringliða lífræn sambönd;
- C44 alífatísk amín;
- C45 arómatísk amín;
- C46 eterar;
- C47 sprengiefni, nema sprengiefni nefnt annars staðar í viðaukanum;
- C48 lífræn brennisteinssambönd;
- C49 allar gerðir fjöklóraðs díbensófúrans;

- C50 allar gerðir fjöklóraðs díbensó-p-díoxíns;
- C51 vetniskolefni og súrefni þeirra; köfnunarefnis- og/eða brennisteinssambönd, ótiltekin annars staðar í þessum viðauka.